

FUNDARBOÐ

**389. fundur bæjarstjórnar
verður haldinn í bæjarstjórnarsal, 2. júlí 2020 og hefst kl. 17:00**

Dagskrá:

Aðrar fundargerðir

- 1. 1912013 - Fundargerð stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga**
Lögð fram fundargerð 885. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 12. júní sl.
- 2. 2005070 - Fundargerð Breiðafjarðarnefndar**
Lögð fram fundargerð 179. fundar Breiðafjarðarnefndar frá 19. maí 2020.
- 3. 2003028 - Fundargerðir stjórnar Hafnarsambands Íslands**
Lagðar fram fundargerðir 423. og 424. fundar stjórnar Hafnarsambands Íslands.
- 4. 2006017 - Fundargerð Heilbrigðisnefndar Vesturlands**
Lögð fram fundargerð 161. fundar Heilbrigðisnefndar Vesturlands sem haldin var í Ráðhúsi Stykkishólms 27. maí 2020.

Fundargerðir nefnda

- 5. 2006006F - Bæjarráð - 615**
Lögð fram 615. fundargerð bæjarráðs.
- 6. 2006003F - Safna- og menningarmálanefnd - 110**
Lögð fram 110. fundargerð safna- og menningarmálanefndar.
- 7. 2006002F - Skóla- og fræðslunefnd - 176**
Lögð fram 176. fundargerð skóla- og fræðslunefndar.
- 8. 2003004F - Afgreiðslufundur byggingarfulltrúa - 1**
Lögð fram 1. fundargerð afgreiðslufundar byggingarfulltrúa.
- 9. 2006004F - Afgreiðslufundur byggingarfulltrúa - 2**
Lögð fram 2. fundargerð afgreiðslufundar byggingarfulltrúa.
- 10. 2005005F - Hafnarstjórn - 88**
Lögð fram 88. fundargerð Hafnarstjórnar.

Erindi til kynningar

- 11. 2006034 - Beiðni sveitarstjórnarráðherra vegna fasteignaskattsálagningar árið 2021**
Löggt fram erindi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, dags. 16. júní 2020, þar sem er áframsend beiðni samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, dags. 27. maí 2020, vegna fasteignaskattsálagningar árið 2021.

12. 2006045 - Bréf frá dómsmálaráðuneytinu, dagsett 24. júní 2020

Lagt fram bréf frá dómsmálaráðuneytinu, dagsett 24. júní sl., þar sem fram kemur að í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga hefur verið ákveðið að greiða sveitarfélögum vegna kostnaðar við forsetakosninga 27. júní 2020 eins og gert er grein fyrir í bréfinu.

13. 2004031 - Hönnun á útsýnisstað í Súgandisey

Lögð fram auglýsing vegna forvals um fyrirhugaða samkeppni um hönnun útsýnisstaðar í Súgandisey ásamt niðurstöðum forvalsins.

14. 2006040 - Bréf frá Umhverfisstofnun, dagsett 23. júní 2020

Lagt fram bréf frá Umhverfisstofnun, dags. 23. júní 2020, þar sem fram kemur að Umhverfisstofnun hafi hafið vinnu við endurskoðun og gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir þjóðgarðinn Snæfellsjökul en gildandi áætlun rennur út í ár.

Erindi til afgreiðslu/umsagnir

15. 1910024 - Norðurljósin 2020 - menningarhátíð í Stykkishólmi - Starfsnefnd

Norðurljósin, menningarhátíð í Stykkishólmi, var fyrst haldin í Stykkishólmi í nóvember árið 2010 og hefur verið haldin annað hvert ár síðan, en hátíðin var sett á fót á vegum safna- og menningarmálanefndar Stykkishólmsbæjar eftir að bæjarstjórn tók ákvörðun um að fela nefndinni að stuðla að menningarhátíð í Stykkishólmi.

Á 608. fundi sínum fól bæjarráð safna- og menningarmálanefnd að koma með tillögu að starfsnefnd fyrir Norðurljóshátíð 2020.

Safna- og menningarmálanefnd lagði til eftirfarandi aðila í starfsnefnd fyrir Norðurljóshátíðina 2020:

Hjördís Pálsdóttir: Forstöðumaður Byggðasafns Snæfellinga og Hnappdæla, Eldfjalla- og Vatnasafns

Sigurður Grétar Jónasson: Starfsmaður Eldfjalla- og Vatnasafns

Guðrún A. Gunnarsdóttir: Formaður Safna- og menningarmálanefndar

Nanna Guðmundsdóttir: Forstöðumaður Amtsbókasafnsins í Stykkishólmi

Hólmgeir Þórsteinsson, kennari við Tónlistarskólann í Stykkishólmi

Starfsmaður: Þórunn Sigþórsdóttir

Bæjarráð samþykkti fyrir sitt leyti tillögu safna- og menningarmálanefndar og vísaði henni til bæjarstjórnar.

16. 2006012 - Gjaldskrá - sláttur 2020

Lögð fram gjaldskrá fyrir slátt og hirðingu á grasi fyrir elli- og örorkulífeyrisþega.

Bæjarráð lagði til við bæjarstjórn, á 615. fundi sínum, að samþykkja fyrirbyggjandi gjaldskrá.

17. 1905045 - Gjaldskrá tónlistarskólans

Miðað við fjárhagsáætlun ársins er sett fram tillaga að skólagjöld taki hækkunum í samræmi við lífsskjarasamninga frá fyrri gjaldskrá fyrir skólaárið 2020-2021. Skóla- og fræðslunefnd telur að um 3% hækkun á gjaldskrá geti náð því markmiði og er þá horft til þess að engin hækkun hafi farið fram eftir áramót á þessu ári, hækkunin geti numið um 2,5% gjaldhækkun fyrir hluta skólaárs og 3,5% á seinni hluta skólaárs.

Bæjarráð lagði til við bæjarstjórn að samþykkja fyrirbyggjandi tillögu að hækkun á gjaldskrá Tónlistaskóla Stykkishólms í samræmi við afgreiðslu skóla- og

fræðslunefndar.

18. 2005079 - Innkaupareglur Stykkishólmsbæjar

Lögð fram drög að innkaupareglum Stykkishólmsbæjar.

Bæjarráð lagði til við bæjarstjórn að samþykkja fyrirbyggjandi innkaupareglur Stykkishólmsbæjar.

19. 2004054 - Verklagsreglur Regnbogalands

Umsjónarmaður Regnbogalands lagði til á 173. fundi skóla- og fræðslunefndar að útbúnað yrðu verklagsreglur fyrir Regnbogaland, þar sem kæmi skýrt fram hversu mörgum nemendum hver starfsmaður má sinna.

Bæjarráð fól í kjölfarið skólastjóra Grunnskólans í Stykkishólmi og umsjónarmanni Regnbogalands að vinna að og útfæra slíkar reglur.

Skóla- og fræðslunefnd samþykkti fyrir sitt leyti tillögu að verklagsreglum fyrir Regnbogaland á 167. fundi sínum.

Bæjarráð lagði til við bæjarstjórn að samþykkja fyrirbyggjandi verklagsreglur fyrir Regnbogaland.

20. 2002021 - Gjaldskrá fyrir afnot af húsnæði Amtsbókasafns

Framlagt minnisblað forstöðumanns Amtsbókasafnsins vegna gjaldskrár fyrir afnot af húsnæði Amtsbókasafnsins í Stykkishólmi.

Bæjarráð vísaði á 610. fundi sínum minnisblaðinu og umfjöllun um gjaldskrá safnsins til frekari umfjöllunar í skóla- og fræðslunefnd og jafnframt til umsagnar í safna- og menningarmálanefnd.

Safna- og menningarmálanefnd gerði á 110. fundi sínum ekki athugasemdir fyrir sitt leyti við fyrirbyggjandi tillögu um gjaldskrá.

Skóla- og fræðslunefnd samþykkti á 176. fundi sínum fyrirbyggjandi tillögur að gjaldskrá fyrir sitt leyti og lagði til við bæjarstjórn að gjaldskrá vegna útleigu á húsnæði Amtsbókasafnsins í Stykkishólmi verði samþykkt í samræmi við fyrirbyggjandi minnisblað.

Bæjarráð samþykkti fyrir sitt leyti tillögu skóla- og fræðslunefndar og vísaði henni til bæjarstjórnar.

21. 2005085 - Girðing á lóðarmörkum við Borgarflöt 7

Sigurður Rúnar Oddson sækir um leyfi til þess að fá að reisa girðingu á mörkum lóða Borgarflatar 7 og opins svæðis í eigu Stykkishólmsbæjar. Girðingin á að vera 1,80 m á hæð og staðsett á lóðarmörkum.

Á 2. afgreiðslufundi byggingarfulltrúa gerði byggingarfulltrúi Stykkishólmsbæjar fyrir sitt leyti ekki athugasemd við að reist verði girðing á lóðarmörkum, en bendir á að sækja þarf um leyfi sveitarstjórnar Stykkishólms sem lóðarhafa aðbyggjandi lands ef girðing er staðsett nær lóðarmörkum en sem nemur hæð sinni og að fylgja þarf reglum um hæð og fjarlægð frá lóðarmörkum. Erindinu var því vísað til afgreiðslu í bæjarstjórn.

22. 2006039 - Lántaka hjá Lánasjóði sveitarfélaga

Lagður fram lánssamningur frá Lánasjóði sveitarfélaga ásamt viðaukum vegna láns til Stykkishólmsbæjar að fjárhæð kr. 100 milljónir til fjármögnunar á fjárfestingum skv. framkvæmdaáætlun 2020. Liggur fyrir tillaga um að bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar samþykki að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga að höfuðstól allt að kr. 100.000.000, með loka gjalddaga þann 5. júlí 2035, sbr. Viðauki I.

23. 2005020 - Hrognkelsaveiðar á innanverðum Breiðafirði 2020

Fyrir bæjarstjórn er lögð fram ályktun 387. fundar bæjarstjórnar Stykkishólmsbæjar, dags. 6 maí 2020, um hrognkelsaveiðar á innanverðum Breiðafirði 2020, bókun 3. fundar atvinnu- og nýsköpunarnefndar og bókun 613. fundar bæjarráðs Stykkishólmsbæjar um sama efni, ásamt reglugerðum sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra nr. 407/2020 og 455/2020 um hrognkelsaveiðar árið 2020.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra fundaði í framhaldi af ályktun bæjarstjórnar um fyrirkomulag hrognkelsaveiða sumarið 2020 með grásleppusjóómönnum sem hafa leyfi til grásleppuveiða við innanverðan Breiðafjörð í sumar þann 13. maí 2020 í Stykkishólmi. Þá hvatti bæjarráð Stykkishólmsbæjar á fundi sínum þann 14. maí 2020 ráðherra til þess að útfæra fyrirkomulag grásleppuveiða sumarið 2020 í samræmi við vilja grásleppusjóómanna á fundi þeirra með ráðherra þannig að ekki þurfi að koma til ólympískra veiða 20. maí.

Í framhaldi af fundi ráðherra í Stykkishólmi og hvatningu bæjarráðs gaf ráðherra út breytingu á reglugerð um hrognkelsaveiðar á árinu 2020, dags. 15. maí 2020.

Í fyrirbyggjandi ályktunum frá bæjarstjórn og atvinnu- og nýsköpunarnefndar Stykkishólmsbæjar er bent á að full ástæða þyki til að draga í efa reiknistuðla Hafrannsóknastofnunar við uppreikning á tunnumagni fyrri ára sem leiddi til skerðingar á ráðgjöf stofnunarinnar á leyfilegu heildaraflamarki í ár.

Hafrannsóknastofnun hefur nú, að gefnu tilefni, endurskoðað tímaröð landana grásleppu sem notuð er við ákvörðun vísitölu veiðihlutfalls við fiskveiðiráðgjöf og hækkað ráðlagðan heildarafla á grásleppuvertíðinni 2020 úr 4646 í 5200 tonn, sbr. fyrirbyggjandi skýrsla Hafrannsóknarstofnunar sem er framlögð.

Bæjarráð fagnaði, á 615. fundi sínum, endurskoðun Hafrannsóknastofnunar á útgefni ráðgjöf vegna grásleppuveiða og vísaði málinu til bæjarstjórnar.

24. 2006041 - Uppbygging fjarskiptainniða í Stykkishólmi (ljósleiðari)

Póst- og fjarskiptastofnun (PFS) hefur lokið við frumdrög að markaðsgreiningu á heildsölumörkuðum fyrir staðaraðgang með fasttengingu og miðlægan aðgang með fasttengingu fyrir fjöldaframléiddar vörur.

Markaðsgreiningin er grundvöllur ákvörðunar um það hvort leggja skuli á, viðhalda eða fella niður sérstakar kvaðir á fjarskiptafyrirtæki sem útnefnd hafa verið með umtalsverðan markaðsstyrk.

Hefur stofnunin óskað eftir viðbragðum fjarskiptafyrirtækja og annarra hagsmunaaðila við þeim frumdrögum sem lögð eru fyrir bæjarstjórn.

Bæjarráð vísaði málinu til bæjarstjórnar.

25. 2006020 - Samkomuhúsið í Stykkishólmi við Aðalgötu 6

Lagt fram minnisblað bæjarstjóra um stöðu Samkomuhússins í Stykkishólmi, endurgerð og framtíðarsýn. Þá er lögð fram skýrsla um undirbúning að endurgerð á

Samkomuhúsinu við Aðalgötu 6 í Stykkishólmi m.t.t. ástands og uppruna.

Með skýrslunni er lagt mat á mikilvægi þess að húsið verði endurgert og að lokum er gerð grein fyrir tillögu að endurgerð hússins með texta og teikningum.

Nýverið sótti Stykkishólmsbær um styrk til húsfríðunarnefndar til endurbóta á húsnæðinu í samræmi við fyrirbyggjandi endurgerðaráætlun. Í svari nefndarinnar kom fram að húsfríðunarnefnd taldi ekki raunhæft að opna fyrir umsóknir um ný verkefni vegna viðbótarstyrkja til atvinnuskapandi verkefni sumarið 2020. Nefndin mælti með að við úthlutun viðbótarstyrkja yrði eingöngu litið til verkefna sem fjallað var um við seinustu úthlutun úr sjóðnum fyrr á þessu ári og varð það niðurstaðan. Hvatti minjastofnun yfirvöld í Stykkishólmi til að sækja um styrk fyrir endurgerð samkomuhússins við næstu úthlutun á komandi vetri.

Á 110. fundi safna- og menningarmálanefndar var tekin til umfjöllunar framtíð Samkomuhússins í Stykkishólmi á grundvelli fyrirbyggjandi gagna. Safna- menningarmálanefnd var sammála um að menningarlegt gildi hússins væri ótvírætt og lagði til að sótt verði um styrki til að endurgera það og bæta svo sómi sé af.

Bæjarráð tók undir með safna- og menningarmálanefnd og vísaði málinu til bæjarstjórnar.

26. 2006037 - Kosning í skóla- og fræðslunefnd Stykkishólmsbæjar

Kosning í skóla- og fræðslunefnd Stykkishólmsbæjar, en Sigurður Grétar Jónasson hefur beðist lausnar frá nefndarsetu vegna fyrirhugaðra starfa við Grunnskólann í Stykkishólmi.

27. 2006036 - Kosning í kjörstjórn Stykkishólmsbæjar

Lagt fram tölvubréf frá Írisi Huld Sigurbjörnsdóttir þar sem hún segir sig úr kjörstjórn Stykkishólmsbæjar.

Liggur því fyrir bæjarstjórn að skipa fulltrúa að nýju í kjörstjórn Stykkishólmsbæjar.

28. 2006058 - Skipan í ungmennaráð 2020

Samkvæmt 47. gr. samþykktar um stjórn Stykkishólmsbæjar er ungmennaráð skipað sjö fulltrúum á aldrinum 14-24 ára og þremur til vara að fengnum tillögum frá nemendafélagi grunnskólans í Stykkishólmi, nemendafélagi Fjölbrautaskóla Snæfellinga, ungmennafélaginu Snæfelli og æskulýðs- og íþróttanefnd, sbr. erindsbréf ungmennaráðs. Tilnefningar liggja ekki fyrir, en en gera má ráð fyrir að tillögur liggja fyrir í september/október 2020 í samræmi við erindisbréf.

29. 2006057 - Kosningar fulltrúa á aðalfund Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi 2020

Kosning þriggja fulltrúa og jafnmargra til vara á aðalfund Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi samkvæmt lögum samtakanna, sbr. 47. gr. samþykktar um stjórn Stykkishólmsbæjar.

30. 2006055 - Kosning í bæjarráð 2020-2021

Kosning þriggja fulltrúa í bæjarráð sem aðalmenn og jafnmargra til vara, sbr. 47. gr. samþykktar um stjórn Stykkishólmsbæjar, með áorðnum breytingum, og eftir atvikum tilnefning áheyrnarfulltrúa. Jafnframt kosning formanns og varaformanns bæjarráðs, sbr. 27. gr. samþykktar um stjórn Stykkishólmsbæjar.

31. 2006056 - Kosning forseta og varaforseta bæjarstjórnar 2020-2021

Kosning forseta bæjarstjórnar og fyrsta og annan varaforseta bæjarstjórnar skv. 7. gr. samþykktar um stjórn Stykkishólmsbæjar.

32. 2006059 - Umboð til bæjarráðs í sumarleyfi bæjarstjórnar 2020

Forseti bæjarstjórnar gerir það að tillögu sinni að næsti reglulegi fundur bæjarstjórnar verði haldinn 27. ágúst nk. og að bæjarráði verði veitt fullt umboð til fullnaðarafgreiðslu mála í samræmi við 4. mgr. 8 gr., 1. og 2. mgr 33 gr. samþykktar um stjórn Stykkishólmsbæjar

33. 1808022 - Minnispunktar bæjarstjóra

Minnispunktar bæjarstjóra lagðir fram til kynningar.

30.06.2020

Jakob Björgvin Jakobsson, bæjarstjóri.